

PRENTUM ALLT MILLI HIMINS

g

GÚTTÓ ehf
H-prent
Sillfurgötu 1
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: halldor@bb.is

OG

JARÐAR

Ætlar að sigrast á flogaveik- inni með bjartsýni að vopni

Gíslína Kristín Gísladóttir Smoter er lífsglöð kona á Ísafirði sem glímir við alvarlega flogaveiki. Gíslína, eða Gilla eins og flestir þekkja hana, segist þó ekki ætla að láta sjúkdóminn stjórna sér. Undanfarið ár hefur verið henni og fjölskyldunni erfitt. Eftir að hafa skipt um lyf fékk hún alvarlegt kast sem olli hjartastoppi og var henni vart hugað líf. Gilla segir sögu sína í dag.



— sjá bls. 14-16.

B3

Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 31. október 2013 · 43. tbl. · 30. árg. · Ókeypis eintak



Vetur- náttu tónar í Neista

...fyrir BÍLINN
...fyrir BÁTINN
...fyrir HEIMILIÐ
...fyrir FAGMANNINN
...fyrir PIG !

SMÍÐJAN
VERSLUN
SINDRAGÖTU 12

Hankook
driving emotion



I*CEPT W606

Nýtt umhverfisvænt
kornadekk frá Hankook.

**Hankook fyrir allar
gerðir ökutækja!**

BÍLAVERIÐ ehf.
Sindragötu 14 · S: 456 3501

EINFÖLD REIKNIVÉL
Á eBOX.IS

eBOX
auðveldar smásendingar

Í STÓRUM SKIPUM RÚMAST LÍKA
SMÆRRI SENDINGAR

Elmskip | Kornagördum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.ebox.is

eBOX er ný, þægileg og einföld lausn til að flytja minni sendingar frá Evrópu til Íslands. Á ebox.is er reiknivél sem segir þér á augabragði hver flutningskostnaðurinn er. Traust og áreiðanlegt leiðakerfi Elmskips á Norður-Atlantshafi tryggir að sendingin þín kemur heim með fyrstu ferð. Auðvelt og fljótlegt.

EIMSKIP
eBOX

Sjúkraflutningar dýrari utan slökkviliðanna

Kristján Þór Júlíusson, heilbrigðisráðherra, útilokar ekki að sjúkraflutningar verði færðir til ríkisins eða einkavæddir. Þetta kom fram í viðtali við RÚV, þar sem til umræðu var staða sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu. Þar hefur ekki verið gengið frá samningi um sjúkraflutninga sem gerður var í febrúar. Svipuð staða er uppi á Ísafirði, en að óbreyttu mun Slökkvilið Ísafjarðarbæjar hætta að sinna sjúkraflutningum í lok ársins. Í báðum tilvikum er fjárskortur grundvöllur samningaörðugleika.

„Ég get ekki séð annað en að það sé dýrara fyrir heilbrigðiskerfið að taka þetta frá slökkviliðunum,“ segir Þorbjörn Sveinsson, slökkviliðsstjóri Ísafjarðarbæjar. „Við erum með menntað fólk í þessu, og þeir þurfa þá að mennta fólk upp á nýtt, nema þær ætli að setja hjúkrunarfræðinga og lækna í þetta. Það hefur hinsvegar verið talað um hörgul á þeim vegna landflóttá.“ Þorbjörn segir að ekki sé útilokað að



Óvíst er með framtíðarfyrirkomulag sjúkraflutninga á Ísafirði og nágrenni.

einhverjir sjúkraflutningamenn yfirgefi slökkviliðin, en telur að ekki sé mikill hugur til þess.

Víða erlendis annast góðgerðarsamtök sjúkraflutninga, en sjúkraflutningalið í nafni Rauða krossins, Jóhannesarriddara og Mölturiddara starfa í fjölmörgum

löndum. Slíkt hefur ekki tíðkast hérlandis. „Ég fæ ekki séð að björgunarsveitirnar gætu gert þetta nema setja menn á fastar vaktir og mennta fólk til þess. Þetta er ekki ódýrt nám, við getum tekið sem dæmi að sjúkraflutningsmaður sem er að taka

annað stig námsins, en við erum núna tíu sem erum að mennta okkur hérna, það kostar fimm hundruð þúsund. Það er það lítið peningur í þessu að fólk er að mennta sig sjálft, með stuðningi frá sínum stéttarfélögum.“

„Ef þetta fer í einkarekstur er

maður hræddur við að þjónustan versni. Í einkarekstri fer rekstraradillinn að hugsa út í sparnað, en við erum ekki að hugsa um að hagnast á þessu. Við horfum fyrst og fremst á samlegðaráhrifin, en þessi starfsemi á mjög vel saman. Ætla þeir að fá sendibílastöðvarnar til að gera þetta?“

– herbert@bb.is

Læknamálið hjá landlækni

„Við erum að vinna eins hratt og við getum innan þess ramma sem lögin setja okkur,“ segir Geir Gunnlaugsson, landlæknir, um mál sem vísað hefur verið til embættisins frá Heilbrigðisstofnun Vestfjarða. „Við höfum verið í bréfaskiptum við bæði forstjóra stofnunarinnar og einstaka starfsmenn. Við leggjum okkur öll fram við að leita lausna, en við þurfum að afla okkur upplýsinga og gefa mönnum andrými til þess að svara.“

Landlæknir telur sér ekki fært að spá fyrir um hversu langan tíma taki að afgreiða málin, en þeim var vísað til landlæknis eftir fjölmiðlaumfjöllun um samstarfsörðugleika lækna stofnunarinnar vegna þeirra. „Þetta eru náttúrulega viðkvæm mál og mikilvægt að menn ræði þau af varúð,“ segir Geir.

Varð fyrir bíl

Þriggja ára gamall drengur varð varð fyrir bíl við Edinborgarhúsið á Ísafirði á um miðjan dag á laugardag. Í fyrstu var farið með hann á Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði en í framhaldinu var ákveðið að flytja hann með sjúkraflugi til Reykjavíkur.

Hann lá á gjörgæsludeild LSH í Fossvogi fram á mánudag er hann var fluttur á barnadeild spítalans.

Jólahlaðborð á Hótel Ísafirði

30. nóvember, 7. og 14. desember
Verð kr. 7.900- á mann.

Víkingur Kristjánsson

segir sögur og verður með uppistand á hlaðborðunum 7. og 14. desember

Kristín Harpa Jónsdóttir píanóleikari og
söngkonan Salóme Katrín Magnúsdóttir
verða með söngatriði á öllum jólahlaðborðunum.

Upplýsingar í síma 456 4111 og á vidpollinn.is

VIÐ POLLINN

Veitingar á Hótel Ísafirði

HÁDEGISVERÐARTILBOÐ Á HÓTEL ÍSAFIRÐI

Föstudagur

Alla helgina verður boðið upp á **purusteik** með heimalöguðu rauðkáli og brúnuðum kartöflum á kr. 1900-

Klippikort

í hádegismat, fjórða hvert skipti er frítt.
Gildir til 15. nóvember

Nýtt Íslandsbanka American Express® kort með tvöfalt fleiri punktum



Kortíð er gefið út af Íslandsbanka í samræmi við veitta heimild frá American Express. American Express er skrásett vörumerki American Express.

Frjálsir punktar sem þú notar að vild

Með nýja American Express kortinu safna viðskiptavinir í Vildarþjónustu Íslandsbanka punktum að lágmarki tvöfalt hraðar en á öðrum kortum bankans. Kortinu fylgja líka viðtækar ferðatryggingar og sértílbod til korthafa American Express.

Kynntu þér Íslandsbankapunktana og nýja American Express kortið á islandsbanki.is



Þú getur breytt punktunum í:

- Peninga
- Vildarpunkta Icelandair
- Ferðaávisun
- Sparnað
- Framlag til góðgerðarmála

Við bjóðum
góða þjónustu


Íslandsbanki



Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620
Afgreiðsla og ritstjórn: Silfurgötu 1, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson, 892 5362, bb@bb.is
Ábyrgðarmenn: Halldór Sveinbjörnsson, Sigurjón J. Sigurðsson.
Blaðamenn: Harpa Oddbjörnsdóttir, 846 7487, harpa@bb.is
Herbert Snorrason, 846-3971, herbert@bb.is
Auglýsingar: Halldór Sveinbjörnsson, 894 6125, halldor@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandspóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bb.is
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthengið bb@bb.is.
Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánuðögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Varnarsigur

Fyrirhugaðri aðför að Reykjavíkflugvelli, lokun árið 2016 án þess að nokkuð lægi fyrir um framhald innanlandsflugs, var hrundið síðastliðinn föstudag, með undirritun forsætisráðherra, innanríkisráðherra, borgarstjóra og formanni borgarráðs Reykjavíkur og forstjóra Icelandair Group, á svokölluðu samkomulagi um framtíð Reykjavíkflugvallar, sem skyndilega skaut upp kollinum. Minna mátti ekki gagn gera.

Já, allt í einu drifu menn bara í þessu. Allar fyrri erjur settar til hliðar. Þó gleymdist ekki aðall íslenskra stjórnmála; nefndaskipun, til að leita uppi varanlegt staði fyrir flugvöll á Reykjavíkursvæðinu fyrir árslok 2014; á meðan og allt fram til ársins 2022 myndu vígaglaðir menn halda að sér höndum, komnir „upp úr skotgröfunum“ eins og eins og það var orðað í myndatexta Morgunblaðsins frá athöfninni.

Mörgum er létt við tíðindin. Trúlega er þó léttirinn mestur hjá þeim sem í komandi sveitarstjórnkosningum sækjast eftir að stjórna borginni. Skjálftavirkni yfir að flugvallarmálið yrði kosningamál var auglýsingalega farin að segja til sín. Stjórndarstjóri vonar að þetta „sé fyrsta skrefið í átt að ásettannlegri framtíðarlausn.“ Innanríkisráðherra telur þetta „mikilvægan sáttmála“ og formaður borgarráðs væntir þess að „borgin, ríkið og flugrekstraraðilar fari í það saman af alvöru að finna framtíðarstaðsetningu fyrir flugvöllinn.“ Sannarlega ber að fagnað að menn snúi sér hér eftir „af alvöru“ við að finna lausn vandans.

„Við teljum þetta mjög mikilvægan áfangasigur,“ er haft eftir Friðriki Pálssyni, einum helsta talsmanni „Hjartans í Vatnsmýrinni.“ „Við skiljum þetta samkomulag þannig að flugvöllurinn verði í Vatnsmýrinni þangað til að byggður hafi verið annar flugvöllur, jafngóður eða betri og flugið hafi flutt þangað, en þetta er að okkar mati mjög mikilvægt.“

Þarna er komið að kjarna málsins. Hvernig er samingurinn, klárlega orðaður, úr því Friðrik kemst svo að orði: Við skiljum þetta samkomulag þannig, og svo framvegis? Erú einhverjar líkur á að þetta verði lesið (skilið) á annan veg, af öðrum, er fram líða stundir? Þegar árið 2022 gengur í garð? Er það ekki kristaltært, og án allra teygjanlegra nýrða íslenskrar tungu, að áður en að flugvöllinum í Vatnsmýrinni verður lokað, verði annar flugvöllur, jafngóður eða betri, að vera til staðar og flugið hafi flutt þangað?

Hálfur áratugur er liðinn frá hruninu. Horft til þess hvernig til hefur tekist með endurreisn samfélagsins: Hverjar eru líkur á að við getum, fyrir tilteknu tímamörk samningsins, byggt nýjan innanlandsflugvöll, staðsettan í sátt við þann þjóðarvilja, sem nú ríkir? Hann kostar meira en nokkrar kringlóttar. Vonandi hrökkva menn ekki aftur í skotgrafirnar.

s.h.

Spurning vikunnar

Berð þú kvíða fyrir vetrinum?

Alls svöruðu 584.

Já sögðu 186 eða 32%

Nei sögðu 398 eða 68%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.



Spennigurinn var gríðarlegur.

Ungviðið leysti bakarann af

Bakararnir í Gamla bakarfinu á Ísafirði fengu skemmtilega heimsókn í morgunsárið á föstudag þegar nemendur 1.-4. bekkjar Grunnskólans á Ísafirði mættu og fengu að hjálpa við baksturinn. „Ég lagaði fyrst deigið og þau fengu að fylgjast með því í hræri vélinni. Svo var deginu rúllað út þau settu kanilsýkur á það og rúlluðu því upp. En mesta sportið var auðvitað að fá að smyrja súkkulaði á þá eftir að þau komu úr ofninum, og skreyta með lakkris og gúmmí. Þá upphófust miklar samningaviðræður um hvað þau fengju að taka með sér marga snúða og reiknaðist þeim til að

þarna væru um tveir og hálfur á mann. Ég spurði þá hvort kennararnir fengju ekki líka og þau voru nú aldeilis ekkert á því. En það náðist samkomulag að lokum og þau fengu tvo á mann og kennararnir rest,“ segir Árni Aðalbjörnsson bakari.

Hann segir það afar hressandi að fá svona skemmtilega og duglega krakka í heimsókn. „Það er ágætt að þau fái að kíkja í hin ýmsu fyrirtæki og sjá hvernig hlutirnir ganga fyrir sig. Svo koma kannski einhver þeirra til okkar þegar þau eru orðin eldri til að afgreiða hjá okkur. Annað eins hefur nú gerst. Það kom til

dæmis kona hérna fyrir nokkrum árum, þá á áttræðisaldri minnir mig, en hún hafði verið að vinna í bakaríinu þegar hún var 16 ára gömul árið 1950. Hún var stödd hér í heimsókn en bjó í Bandaríkjunum. Þegar hún kemur hérna inn og stendur fyrir framan afgreiðsluna sér hún Ruth [Tryggvason, móður Árna] á fullu við vinnuna og hrópar upp yfir sig: „Ruth, ertu ennþá að vinna hérna!“ Þá hafði hún unnið með mömmu á sínum tíma og fundist hún vera eldri kona og var gapandi yfir því að hún væri ennþá að. Sjálf hafði þessi kona hætt að vinna 20 árum áður,“ segir Árni.

Dæmdur fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás

Héraðsdómur Vestfjarða hefur dæmt karlmann í fimm mánaða fangelsi, skilorðsbundið til 2ja ára, fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás, með því að hafa aðfaranótt fimmtudagsins 27. desember 2012, slegið mann með glerlúti í höfuðið svo ílátíð brotnaði á höfðinu. Árásin átti sér stað í Félagsheimilinu í Hnífsdal. Maðurinn neitaði sök við þingfestingu málsins og hafnaði bótakröfu. Eftir að skýrslur höfðu verið teknar af ákærða og vitnum gaf hann skýrslu á ný og kvaðst í ljósi þeirra framburða sem fram væru komnir viðurkenna þá háttsemi sem honum er gefin að sök.

Náðist þá samkomulag milli hans og lögmanns bótakrefjanda um að ákærði greiddi skaðabætur að fjárhæð 300.000 krónur, 10.000 krónur vegna útlagðs kostnaðar og 160.000 krónur vegna lögmannskostnaðar. Í dómsorði er honum einnig gert að greiða allan sakarkostnað, 395.040 krónur. Í dómnum kemur fram að maðurinn sé fæddur 1988 og samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins nær sakaferill hans aftur til ársins 2006 vegna brota gegn lögum um ávana- og fíkniefni, umferðarlagabrota og tveggja líkamsárása.

Við ákvörðun refsingar var

litið til skýlausrar játningar hans fyrir dómi og þess að hann samþykkti greiðslu bóta. Þá var einnig litið til þess að maðurinn, sem framdi brot sitt undir áhrifum áfengis, hefur ekki neytt áfengis frá því hann framdi brotið. Þá hafa fyrri tvær líkamsárásir frá árinu 2006 ekki ítrekunaráhrif vegna ákvæða 71. greinar almennra hegningarlaga þar sem segir meðal annars „Ítrekunaráhrif falla niður, ef liðið hafa fimm ár frá því að sökunautur hefur tekið út fyrri refsinguna, eða frá því að hún hefur fallið niðureða verið gefin upp, þangað til hann fremur síðara brotið.“

Ljósveitan

Kemur með háhraðanetið

Fremtíðin í dag

Míla tengir heimili landsins við Ljósveituna. Við nýtum nútímatækni, fyrirliggjandi leiðslur og rými til að koma Ljósveitunni til heimila vítt og breitt um landið. Þannig á mikill fjöldi íslenskra heimila kost á háhraðatengingu á fljótlegan hátt í stað þess að þurfa að bíða í mörg ár eða áratugi eftir kostnaðarsömum framkvæmdum.

Kynntu þér stöðugar háhraðatengingar Ljósveitunnar á mila.is

Hafðu samband við eftirtalda aðila til að kaupa þjónustu um Ljósveituna:





Frá Bolungarvík.

Formleg rannsókn hafin

Lögreglan á Vestfjörðum hefur hafið opinbera rannsókn á máli erlends starfsmanns fiskvinnslufyrirtækis í Bolungarvík, en í bréfi sem sent var til BB og lögreglunnar var látið

liggja að því að hann krefði samlanda sína um 1000 evrur fyrir að komast þar í vinnu. Þetta kemur fram í tilkynningu sem lögreglan sendi frá sér í hádeginu. „Eins og komið

hefur fram í fjölmiðlum undanfarna daga barst lögreglunni á Vestfjörðum ábending sem skilja mátti svo að erlendur starfsmaður fiskvinnslufyrirtækis á Vestfjörðum krefði

samlanda sína sem þangað kæmu til vinnu um allháa peningaupphæð í erlendri mynt,“ segir í tilkynningunni. „Lögreglan á Vestfjörðum hefur hafið formlega rannsókn

vegna ábendingarinnar, þ.e.a.s. hvort hún eigi við rök að styðjast og hvort um saknæman verknað sé að ræða. Frekari upplýsingar verða ekki veittar að svo stöddu.“

Hefði óskað eftir lögreglurannsókn

„Ég hef heyrt kvitt af og til í sumar, ekki frá Pólverjum, en maður heyrði þetta alveg á götunni,“ segir Lárus Benediktsson, formaður Vercalýðs- og sjómannafélags Bolungarvíkur, um ásakanir gegn pólskum verkstjóra sem sagður er hafa tekið 1000 evrur fyrir að koma löndum sínum í vinnu. „Þetta hefur ekki

komið beint inn á borð hjá okkur, og ég hef ekki aðra skýringu á því en að þeir séu hræddir við að hafa samband við félagið af einhverri ástæðu. Ef þessi verkstjóri hefur verið beðinn að útvega fólk, þá á vinnuveitandinn að greiða fyrir það, en ekki starfsmennirnir, það er á hreinu.“

Lárus segir að þetta sé ekki í

fyrsta skipti sem mál af þessum toga kemur upp. „Þetta var altalað svona í kringum 1998 hér í Bolungarvík. Ég man að ég gekk á Pólverja sem ég var að vinna með á þeim tíma, og þeir svöruðu alltaf neitandi. Menn geta hugsað sitt, af hverju vildu þeir ekki segja frá þessu? Ég trúi því að þeim hafi verið hótad illu ef þeir færu

eitthvað að kjafta frá þessu. Pólverjar hafa ekkert verið feimnir að sækja til félagsins, en þetta mál hefur ekki borið á góma. Ég vona að þetta mál fari í kærú og rannsókn; það kemur þá vonandi í ljós við rannsókn hvort maðurinn er sekur eða saklaus, ég er ekki að dæma manninn fyrirfram.“

Lárus segir að það hafi verið hugrakkir aðilar sem sendu bréf til lögreglu og BB um málið.

„Ég vil hvetja menn til þess, ef þeir heyra einhverjar svona sögur, að rannsaka þau eitthvað. Vinnubrögðin hjá verkalýðsfélögnum eru ekki þannig að menn heyri einhverjar sögusagnir og hlaupi svo af stað með kærú mál. Þetta er ekki kærú mál, heldur sakamál, ef rétt er. Ef þessir aðilar hefðu leitað til félagsins hefði ég óskað eftir rannsókn hjá lögreglunni fyrir hönd þessa fólks.“

– herbert@bb.is

Eðlilegast væri að heyra raddir innflytjenda

„Stóri vandinn fyrir okkur hjá stéttarfélagnum er að okkur vantar að fá einhverja til okkar með þessi vandamál,“ segir Finn-bogi Sveinbjörnsson, formaður Vercalýðsfélags Vestfirðinga, um tilvik þar sem erlendir aðilar krefjast greiðslu fyrir að útvega samlöndum sínum störf. „Þessir aðilar koma ekki til okkar, bera ekki upp við okkur að þetta sé þeirra raunveruleiki. Okkur vantar að fá það sem raunverulega er í gangi.“ Finn-bogi tjáir sig ekki um mál af þessu tagi sem hefur komið til umfjöllunar í Bolungarvík, sem er utan starfssvæðis Verk Vest. Blandað hefur þó fengið staðfest að sambærilegar greiðslur hafi tíðkast á Ísafirði og nágrenni.

„Í kringum 2000 kom upp svipað mál, þar sem tvær konur tóku greiðslu fyrir að koma fólki fyrir. Fólk vissi bara ekki annað en það ætti að borga þessum konum fyrir þessa þjónustu. Við megum ekki gleyma því að menningarheimurinn á vinnu-markaði er svo gjörólíkur. Ég þekki ekki þennan menningarheim þar sem fólk er vant því að þurfa að borga sér leið til að komast áfram. Hérna líta menn á það sem sjálfsgöð réttindi einstaklingsins að fá vinnu. Ég ætla rétt að vona að þannig kerfi verði aldrei komið aftur hér á að menn

þurfi að borga fyrir að fá að vinna. Auðvitað þekkjum við dæmi um klíkuskap og kunningjasamfélagið, en við erum allavega ekki farin að sjá það, að ef þú finnur ekki vinnu þá getirðu hringt í Jón Jónsson og borgað honum hundrad þúsund krónur, og svo hringi hann daginn eftir og segist vera búinn að ganga frá þessu öllu saman.“

Finnbogi segir að eðlilegast væri að heyra raddir innflytjenda um þessi mál, þeirra sem skilja þessa ólíku menningarheima, og ræða þessi mál opinberlega. „Þeir sem verða fyrir þessu leita ekki til okkar, og ég vil hvetja þá til þess að gera það.“

Óvíst hvaða laga-bókstafur er brotinn

Ekki er ljóst hvaða lög hafa verið brotin, séu ásakanir um að verkstjóri hafi tekið 1000 evrur í greiðslu fyrir að veita störf á rökum reistar. Þetta er mat lögfræðinga sem Bæjarins besta hefur rætt við. Ekki er neitt beint bann við athæfi af þessu tagi, en lagagreinar af ýmsu tagi geta komið við sögu. Þar má kannski helst nefna auðgunarbrotaakfla almennra hegningarlaga, en hafi greiðslan verið fengin fram með hótunum getur legið allt að sex ára fangelsi við brotinu. Hafi ekki verið um beinar hótanir

að ræða má telja líklegt að við brotinu geti legið allt að tveggja ára fangelsi.

Hvergi í lögum er að finna beint bann við því athæfi sem lýst er í bréfi sem BB hefur borist. Það er þó samdóma mat þeirra sem BB hefur rætt við að það sé refsivert. Nákvæm málstilvik séu of óljós til að hætta sé að benda á einstakar lagagreinar með nokkurri vissu. Þá var bent á að reynist rétt að greiðslu hafi verið krafist til að fá starf brjóti það gegn ákvæði stjórnarskrár um atvinnufrelsi.

ALLT FÍNT FYRIR JÓLIN

LED sería
40 ljósa
999kr

14500023/26/206

FRUMSÝNUM JÓLIN

OKKAR MESTA ÚRVAL FRÁ UPPHAFI

Jólastjarna
1.490 kr

Jólastjarna
í glugga
1.990 kr

Jólapíramídi
30 cm
1.990 kr

Rafhlöðuborvél
Hitachi 14.4V
25.995 kr
~~32.495~~

Úlpa True North
gæsadúnn
18.749 kr
~~24.999~~

Töfrasproti
Russell Hobbs
7.490 kr
~~9.990~~

Snjóskófla
blað 25x30
1.395 kr

blómaval



HÚSASMÍÐJAN

HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

Birt með fyrirvara um myndavíxl og innsláttarvillur, úrval getur verið misjafnt milli verslanna.

Karlmaður ákærður fyrir fjárkúgun

Ríkissaksóknari hefur ákært mann á fertugsaldri fyrir tilraun til fjárkúgunar. Í ákærinni segir að maðurinn sé kærður fyrir að hafa á síðasta ári reynt kúga 100 milljónir króna frá hjónum, með hótunum um að beita líkamlegu ofbeldi. Í ákærinni segir einnig að maðurinn hafi póstlagt bréf í Bolungarvík og sent í pósthólf á Ísafirði, til annars brotapolanna, með „ógnandi fyrirsmælum“ um að hann ætti að greiða sér fram-

angreinda fjárhæð í reiðufé fyrir ákveðna dagsetningu og gefin voru upp nánari fyrirsmæli um hvar og hvenær viðkomandi ætti að útvega hluta fjárhæðarinnar með úttektum í tilteknum banka-útibúum í Reykjavík, að fylgst yrði með ferðum hans við útibúin og að frekari fyrirsmæli um afhendingu yrðu veitt síðar með smáskilaboðum í farsíma.

Fullt er í ákærinni að í bréfi mannsins til hjónanna hafi of-



beldi verið hótad ef brotapolar leituðu til lögreglu vegna fjárkröfunnar, þar með talið lífláti. Í bréfinu mun meðal annars hafa verið tekið fram að „nokkrir menn stæðu að baki sendingu

þess, að [ónafngreindur brotapolí (ÓB)] væri einn þeirra sem hefði verið valinn, að þeir hefðu þurft að hrista til menn til að ná fram vilja sínum, að þeir slepptu ekki þeim mönnum sem þeir hefðu valið úr til að greiða þeim fjármuni, að þeir hefðu undanfarið fylgst með [ÓB] og hefðu því vitneskju um daglegt líf hans og vandamanna hans, að þeir vonuðust til þess að þurfa ekki að beina aðgerðum vandamönnum

[ÓB] og að þeir til þess að ekki kæmi til leiðinda eða átaka vegna fjárkröfunnar en velferð [ÓB] væri best borgið með því að að verða við kröfunni.“

Ákærði á þá að hafa reynt að fylgja fjárkröfunni eftir næstu daga með því að senda „ógnandi smáskilaboð“ í farsíma. Allt til þess að valda hjónunum ótta um líf sitt og velferð. Leituðu þau í framhaldinu til lögreglu.

– harpa@bb.is

Niðurskurður ríkisins hefur ekki mikil áhrif á fólksfækkun

Mikil fólksfækkun var á Vestfjörðum á tímabilinu frá 1998 til 2012 og er ekki að sjá að niðurskurður ríkisins hafi haft mikil áhrif á þróun mála, að því er segir í skýrslu hagfræðideildar Háskóla Íslands sem unnin var að beiðni Bygðastofnunar til að kanna áhrif efnahagshrunsins, með sérstaka áherslu á fjölda ríkissstarfsmanna á landsbyggðinni. Í kringum hrúnið má sjá örlitla breytingu því íbúafjöldinn eykst aðeins árið 2009, en stendur nánast í stað árið eftir. Eftir það hefur fólki enn fækkað. Íbúar á Vestfjörðum voru 8.556 árið 1998 samanborið við 6.955 íbúa 1. janúar í fyrra. Fækkunin nemur um 1.600 einstaklingum.

Ef litið er á áhrifaþætti fólksfjöldaþróunarinnar má sjá að

fjöldi fæddra umfram dána hefur verið nokkuð áþekkur yfir tímabilið, þótt framan af hafi fjöldinn verið ívið meiri en seinni hluta þess. Skýringuna á mikilli fólksfækkun á svæðinu má sjá í fjölda brottfluttra umfram aðfluttra. Árið 2009 þegar íbúum fjölgaði á svæðinu var brottflutningur hverfandi.

Meðalaldur hefur hækkað örar á Vestfjörðum en á landinu öllu en á fyrri hluta tímabilsins var meðalaldur lægri á Vestfjörðum en á landinu öllu en því var öfugt farið á síðari hluta tímabilsins. „Þegar góðarið stóð sem hæst má sjá að örlítið hægir á hækkun meðalaldurs á Vestfjörðum en fljótlega eftir hrun tekur hann að hækka hratt á ný. Árið 1998 var meðalaldur á Vestfjörðum 32,5



ár en var kominn í 37,8 ár í byrjun árs 2012. Hér gæti niðurskurður hins opinbera hafa haft neikvæð áhrif á þróun meðalaldurs. Annar mælikvarði á þróun aldursdreifingar er hlutfall 20-40 ára íbúa á svæðinu. Hlutfallið hefur farið hratt lækkað á tímabilinu 1998

til 2012. Þó má sjá stefnubreytingu í uppsveiflunni eða á svipuðum tíma og hægir á hækkun meðalaldurs,“ segir í skýrslunni.

Í upphafi tímabilsins var hlutfallið 32% en í byrjun árs 2012 var hlutfallið komið niður í 26,3%. „Eflaust á Menntaskólinn

á Ísafirði sinn þátt í því að halda ungmennum á þessum aldri á svæðinu. Aldurshóparnir frá 45 til 59 eru álfka fjölmennir og aldurshópurinn 15-19 ára, en eftir það fækkar í hverjum aldursþópi,“ segir í skýrslunni.

– harpa@bb.is

Átján ár

Í síðustu viku voru liðin 18 ár frá því snjóflóðið féll á Flateyri. Hinn 26. október 1995 fórust 20 manns í miklu snjóflóði. Aðeins 9 mánuðir og 10 dagar voru liðnir frá því 14 manns fórust í snjóflóði er fallið hafði á byggðina í Súðavík. Öllum var brugðið. Þjóðin var harmi slegin. Það var skiljanlegt ekki síst í ljósi atburðanna í janúar í Súðavík. Holt er að minnast þessara skelfilegu snjóflóða. Tvennt kemur til. Heiðra ber minningu þeirra er létu lífið í þessum tveimur snjóflóðum. Rétt er að muna að 5. janúar 1994 féll snjóflóði á Seljalandsdal og sumarbústaðabyggðina í Tungudal. Einn maður fórst og annar slasaðist mikið. Annar fórst í snjóflóði í Reykhólasveit í janúar 1995. Eignatjón var umtalsvert. Það mátti bæta. Mannslíf urðu ekki bætt. Mikilvægt er að minnast hinna föllnu. Við Íslendingar verðum að læra af náttúruhamförum og verjast þeim til frambúðar eftir fremsta megni. Ýmislegt hefur verið gert. Ber þar hæst fyrirbyggjandi ráðstafanir af ýmsum toga. Byggð var lögð af í hluta Hnífsdals. Hún var færð í Súðavík og varin á Flateyri.

Íbúafjöldi hefur dregist saman í Súðavík, en einkum á Flateyri. Snjóflóðunum einum saman verður ekki kennt um að öllu leyti. En slíkar náttúruhamfarir hafa ævinlega mikil áhrif. Þau eru verðugt rannsóknarefni vísindamanna úr öllu rófinu, félagslega eða tæknilega. Tíminn er runnin upp til þess að rannsaka upplifun fórnarlamba snjóflóðanna, hvernig þeim hefur vegnað og hver áhrif þessara atburða

urðu á líf þeirra. Til þess þarf bæði sálfræðinga og félagsfræðinga. Afar mikils um vert er að kanna heilsufar eftirlifandi fórnarlamba og hvernig það hefur þróast. Mikilvægar upplýsingar bíða þess að komast upp á yfirborðið. Þannig má draga lærdóm sem dugar til þess að hjálpa þeim sem lenda í slíkum atburðum og til þess að takst á við eftirköst allra hamfara. Við verðum að læra. Þannig virðum við einnig minningu þeirra sem létu líf sitt árin 1994 og 1995 í einhverjum mestu snjóflóðum sem fallið hafa á þeirri tíð sem mælingar hafa tíðkast. Á Vestfjörðum má sjá afleiðingar snjóflóðanna og þeirrar viðleitni að vernda íbúa fyrir ógn sem slíkom fylgir á Flateyri, Ísafirði og í Bolungarvík og Patreksfirði þar sem mannskætt flóð féll í janúar 1983. Skoðanir hafa verið skiptar, en flestir hljóta að viðurkenna þessa miklu viðleitni til að tryggja öryggi íbúa.

Náttúruhamfarir fylgja Íslandi og íbúum þess og munu gera meðan byggð helst í landi. Varnarviðbrögð eru nauðsynleg. Þau eru helst að fræða fólk um hættur og kenna því að varast þær. Eldgos, jarðskjálftar, auk vatns- og sjóflóða eru meðal þess sem við þurfum einnig að vera vel vakandi yfir. Einnig þarf að vera góður undirbúningur undir þær hamfarir sem stafa kunna af völdum manna. Ef við erum á verði og hugsum til framtíðar, greinum og skiljum hættu sem vofir yfir munum við lífa betra lífi. Það er kjarni málsins þegar við hugsum til fórnarlamba anna fyrir tæpum tveimur áratugum.

Stakkur skrifar

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakandi umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Hugmynd að hollustu



2,5 grömm
af fitu
260 kcal*



Teriyaki kjúklingur



SUBWAY

* Miðað við staðlaða 6" báta í heilhveitibrauði, með fersku grænmeti án sósu og osts.
© 2013 Doctor's Associates Inc. SUBWAY® er skráð vörumerki af Doctor's Associates Inc.

Varðveitt eins og Coke uppskriftin

„Hér er byrjað kl. 03 á næturnar. Ég byrja reyndar kl. 05 en ungu strákarnir mæta fyrir og byrja á brauðunum,“ segir Árni Aðalbjörnsson, bakari í Gamla bakaríinu á Ísafirði, en hann hefur starfað þar í 45 ár. Þegar hann talar um ungu strákana á hann við þá starfsmenn sem hafa starfað hjá fyrirtækinu í 10-30 ár. „Hér er enginn bakari sem hefur unnið skemur en í 10 ár enda passa ég það að fá til okkar gesta bakara hið minnsta einu sinni á ári til að forðast að fólk staðni,“ segir Árni. Allar vörur fyrirtækisins eru bakaðar á staðnum og ekkert innflutt eins og víða virðist eiga við í bakaríum landsins.

„Við höfum verið að gera þetta sjálfir. Flestir eru farnir að flytja mikið inn, t.d. vínabrauð og snúða, sem er oft ódýrara en að búa þetta til sjálfir. En það er

bannað í Gamla bakaríinu. Við prófuðum að vera með eina tegund af bakkelsi, pecanhnetustykki, á sumrin því þetta er vinsælt hjá farþegum skemmtiferðaskipanna en við vorum ekkert hrifin og höfum ekki verið með þetta undanfarið.“

Bládamaður BB hafði tekið eftir umræðu á netinu frá brottfluttum Vestfirðingum þess efnis að í bakarí á höfuðborgarsvæðinu væri hægt að fá kringlur sem bakaðar væru eftir uppskrift frá Gamla bakaríinu. Árni segir þetta ekki vera rétt. „Uppskriftin er varðveitt eins og uppskriftin af Coke og engin á að hafa hana utan okkar. Málið er að gesta-bakarnir hafa verið orðlausir þegar þeir koma og sjá hvað við bökkum mikið af kringlum og reynt að „herma“ eftir þegar heim er snúið. En það er ekkert eins og

kringlur beint frá Gamla.“

Árni hefur unnið í bakaríinu frá því hann var „pínulíttill púki“. „Ég stóð upp á fötu, rétt náði upp á borðið og raðaði tvíbökum, það var sko bara harkan sex og ekkert grín að vera bakari. Við kölluðum til dæmis ofn frá 1936 „nýja ofninn“ en sá gamli var kolakynntur og frá 1871 en á þeim tíma var rafmagnið skammtað og það þurfti einhver að koma tveimur tímum áður en byrjað var að baka, til að kynda kolin. Það voru heldur ekki notaðar neinar plötur heldur bakað á steinum, engar hræri-vélar eða veltikör heldur allt hnoðað með höndum og svo segir sagan að menn hafi bara sett poka á lappirnar og hnoðað þannig. Það fóru ekki að koma nein tæki fyrr en um aldamótin og þá voru þau handsnúin.“

Árni rifjar einnig upp sögu

bakaríns og hefst sagan á því að Þorsteinn Þorsteinsson stofnaði Gamla bakaríð 1871 og rak það fram að aldamótun en á þessum tíma var nokkuð um ferðir með skútu til Kaupmannahafnar. Eitt sinn, þegar Þorsteinn var með í för, fórst skútan og hann kom því aldrei aftur. Kona hans Amelía, rak þá bakaríð og seldi það síðan mági sínum, Finni Thordarsyni. Finnur byggði hús fyrir framan bakaríð en það brann árið 1918.

„Tveimur árum áður en það brann hafði hann selt það Elíasi Pálssyni. Tryggvi Jóakimsson, afi minn, keypti brunarústirnar af Elíasi. Þegar húsið brann hafði það kveikt í húsinu sem var á bakvið það, þar sem bakað var, en hann byggði það upp aftur og nú upp á tvær hæðir. Þar bjó hann svo á efri hæðinni og svo

var bakað á þeirri neðri. En þetta hús er farið í dag. Þar sem afi var ekki bakari sjálfur fékk hann mág sinn Hans Hasler, sem var þýskur bakameistari, til að baka. Hans var þarna í eitt til tvö ár, fór þá til Þýskalands og sneri aftur 1928 og leigði bakaríð af Tryggva til 1940. Þá voru þeir báðir, Hans og Tryggvi, teknir af breskum hermönnum sem höfðu verið að leita að þýskum njósnara. Fóru þeir með þá til Englands en afi var mjög stutt þar, sneri aftur eftir ár eða svo, en Hans var þar öll stríðsárin og kom tilbaka 1945 held ég og setti upp bakarí á Hólmavík. Tryggvi rak áfram bakaríð hér og pabbi, Aðalbjörn, tók svo við af honum ásamt Ruth móður minni. Svo deyr hann aðeins 45 ár að aldri og við fjölskyldan höfum rekið þetta síðan.“



Árni Aðalbjörnsson hefur unnið í Gamla bakaríinu í 45 ár.

Kerecis hvatt til dáða

„Kerecis er á þeim tímamótum að vera að breytast úr litlu þróunarfyrirtæki í öflugt sölu- og markaðsfyrirtæki,“ sagði stjórnarformaður fyrirtækisins, Guðmundur Fertram Sigurjónsson, þegar hann tók við hvatningarverðlaunum Landsambands íslenskra útvegs- manna á aðalfundi sambandsins. „Verkefnið hófst árið 2009, og byggði á hugmynd um að búa til vöru úr þorskroði til að meðhöndla þrálát sár. Núna, fjórum árum seinna, er varan tilbúin. Við höfum skráð einkaleyfi í 56 löndum, erum með vottað gæðakerfi, með CE-merkta vöru sem lögleg er til sölu í Evrópusambandinu og víðar – og undirritaða dreifingasamninga á Íslandi, Bretlandi og Mið-Austurlöndum, þar sem sala er hafin.“

Framleiðslustarfsemi Kerecis er á Ísafirði, en hráefnið fæst frá fiskiðnaðinum í grennd.

„Úr frystitogaranum Júlíusi Geirmundssyni falla árlega til um 500 þúsund roð. Í meðförum Kerecis verður þorskroði að verðmætri lækningavöru. Úr 500 þúsund roðum getum við útbúið 3 milljónir af sárastöðefnum og öðrum vörum sem seldar verða háu verði erlendis.“

Guðmundur segir að fyrirtækið væri ekki þar sem það er í dag án þess stuðningsumhverfis sem nýsköpunarfyrirtæki geta gengið inn í hér á landi. Að lokum þakkaði hann hluthöfum, en Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, Hraðfrystihúsið – Gunnvör, Klofn-ingur og Omega3 hafa fjárfest í starfi Kerecis. „Það er uppörvandi að finna fyrir áhuga félaga í sjávarútvegi á aðkomu að hlutafjárukningunni, og er hann til marks um framsýni íslenskra útvegsbænda.“

– herbert@bb.is

Styttist í dómstólaleiðina

„Þetta gerist hægt,“ segir Steingrímur Jónsson, bóndi í Efri-Engidal, sem þurfti að fella allan bústofn sinn fyrir tveimur og hálfu ári eða svo eftir að mælingar sýndu að þungmálma- og díoxín-mengun í gripunum og afurðum þeirra væri yfir leyfilegum mörkum. Einnig sýndu mælingar að Steingrímur sjálfur hefði mun meira af þessum efnum í líkama sínum en viðmiðunarhópur. Hann telur að Ísafjarðarbær beri ábyrgð á tjóninu, en díoxín-mengunin átti rætur sínar í sorpbrennslustöðinni Funa sem var í eigu sveitarfélagsins.

„Það hefur eitthvað gerst, en ekkert sem hægt er að setja upp á borð. Það eru matsmenn að skoða, og þetta er allt í vinnslu. Hvað það tekur langan tíma veit ég ekki, en ég held það hljóti að vera að eitthvað hafi gerst. Þeir ætla að skila af sér fljótlega, skilst mér.“ Steingrímur segist ekki viss um nákvæma stöðu málsins, en hann hafi ekki heyrt í lögmanni sínum um nokkra hríð. Hann segist þó halda að tíminn nálgest að málinu verði vísað fyrir dómstóla, enda nálægt þremur árum frá upphafi málsins.

– herbert@bb.is

Undirföt.is

s: 821-4244

Verðum á Ísafirði

31. okt. og 1. nóv.

(Heilsusetrinu Hafnargötu 19)

Opið fimmtudaginn 31. okt. frá kl. 11-18 og 20-22

Opið föstudaginn 1. nóv. frá kl. 11-18

Heimsækið okkur á: www.undirfot.is og skoðið úrvalið <http://www.facebook.com/undirfot>

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



GOTT VERÐ Í BÓNUS GOTT VERÐ Í BÓNUS GOTT VERÐ Í BÓNUS



BÓNUS GRISAHAKK



ALI FERSKUR GRISABÓGUR



BÓNUS ÚRBEINAÐUR GRISAHNAKKI



ÍSLANDSLAMB FERSKT LAMBAFILLET



BÓNUS GRISALUNDUR SNYRTAR



ÍSLANDSLAMB FERSKT ÚRBEINAÐ LAMBALÆRI



FJÓRAR PÓLSKAR KJÖTPÝLSUR



HANGIÁLEGG 120gr 398 kr.



KJÚKLINGASKINKA 105gr 198 kr.



STERKT PEPPERONI 145gr 359 kr.



HÁMARK SÚKKULADI PRÓTEINDRYKKUR 3 x 250 ml



HEIMA SÚÐUSÚKKULADI 300g



HEIMA ÓLÍFUOLÍA EXTRA VIRGIN 750ml



BÓNUS 1 KG. TRÖLLAHAFAR



198 krónur 1.5 ltr

198 krónur 2 ltr



SENSODYNE WHITENING 3 x 75ml ÞRJAR TÚPUR Á VERÐI 2JA

FIMMTUD. OPIÐ 11:00-18:30

BONUS EKKERT BRUÐL



FIMMTUD. OPIÐ 11:00-18:30



Starfsmenn sýsluskrifstofunnar bleikir við bleikt hlaðborð.

Bleikt þema í Stjórnsýsluhúsinu

Stjórnsýsluhúsið á Ísafirði var undirlagt bleikum skreytingum á fimmtudag og á kaffistofum var gnægt af bleikum kökum. Október mánuður er tileinkaður baráttunni gegn krabbameini hjá konum og hefur bleiki liturinn skapað sér sess sem litur mánaðarins.

Landsmenn eru hvattir til að sýna samstöðu, klæðast bleiku og hafa bleikt í fyrirrúmi og hafa byggingar víða um land verið lýstar upp bleikar. Ljósmyndari blaðsins kíkti í heimssókn í Stjórnsýsluhúsið og óhætt er að fullyrða að þar hafi stemningin verið bleik. „Þetta er í annað árið sem við höldum bleika viku hér í Stjórnsýsluhúsinu. Sýsluskrifstofan hefur í nokkur ár verið með bleikt kaffihlaðborð þar sem við öll komum með bleikar veitingar á borðið, þetta er alltaf mjög

veglegt, bleikt og skemmtilegt.

Í húsinu verður líka haldinn keppni milli stofnana um t.d. bleikasta vinnustaðinn, bleikasta starfsmanninn, bleikustu kaffistofuna, bestu liðsheildina og fleira. Þetta lukkaðist mjög vel í fyrra og mér sýnist allt stefna í annað eins í ár. Það skemmtilega við svona bleikan dag er að viðskiptavinir hafa líka gaman að þessu og hafa orð á því,“ segir Sigríður Gísladóttir skrifstofukona hjá Sýslumanninum á Ísafirði. Árveknisátakinu var hrint var af stað í byrjun október víða um heim fjórtánda árið í röð og markmið þess er að fræða konur um brjóstakrabbamein og safna fé með sölu á bleiku slaufunni til styrktar baráttunni við brjóstakrabba, svo sem með kaupum á tækjum og rannsóknum á sjúkdómnum. – harpa@bb.is



Stelpurnar hjá Skóla- og fjölskyldusviði tóku sig vel út.

Sælkerar vikunnar eru Inga Sif Ingvarsdóttir og Friðþór Örn Kristinsson

Við ætlum að bjóða uppá auðveldaðan fiskrétt og fljótlegan eftirrétt

Fiskréttur með smjörsteiktu grænmeti

Fiskur
8-10 kartöflur
1 haus brokkolí
1 haus spergilkál
2-3 gulrætur
1 stk paprikusmurostur
2 dl rjómi
hvítlaukssalt
sitrónupipar
rifinn ostur
smjör og olía til steikingar
Kartöflurnar eru flysjaðar,

skornar í sneiðar og steiktar á pönnu uppúr olíu í smá stund og kryddaðar með hvítlaukssalti. Raðið í botninn á eldföstu móti.

Setjið næst smjör á pönnuna og steikið restina af grænmetinu þar til brúnast, kryddið með sitrónupipar. Grænmetið sett ofan á kartöflurnar.

Skellið næst paprikusmurostinum og rjómanum á pönnuna og bræðið saman, kryddið með smá salti og pipar. Raði fisknum ofan á grænmetið og hellið sósunni yfir allt saman og stráði rifnum osti yfir. Sett í 200 heitann ofn þar til osturinn er orðinn gullinn.

Fiskur og ís

Berið fram með hrísgrjónum og/eða hvítlauksbrauði

Ís með marssósu

vanilluís
1 banani
2-3 jarðaber
1 mars (stórt)
smá rjómi

Bananinn skorinn í sneiðar og settur í skál og ís ofan á. Kremjið kókosbolluna ofan á ísinn ásamt niðurskornum jarðaberjum. Mars súkkulaðið skorið í teninga, öðru stykkinu dreift yfir ísinn en hitt brætt saman við rjóma í potti og hellt yfir allt. Hrikalega gott!



Við skorum á Steingrím Jón dísí Jónbjörnsdóttir sem næstu Steingrímsson og Sigríði Fann-sælkeru.

Sykurminnsta morgunkornið

Sykurinnihald er það lægsta sem gerist í morgunkorni.

4,4 g sykur í 100 g



Trefjaríkt

Inniheldur náttúruleg trefjaefni sem viðhalda heilbrigðri meltingu.

10 g trefjar í 100 g



Flókin kolvetni

Sjá vöðvum líkamans og heilafrumum fyrir orku.

68,6 g kolvetni í 100 g



Hvað er Weetabix?

Heilkorna

Allir kostir kornsins nýttir. Hvert lag kornsins inniheldur næringarefni sem eru líkamanum nauðsynleg.

95% heilkorna



Vítamín og steinefni

Inniheldur mikilvæg vítamín, steinefni og járn sem eru nauðsynleg fyrir vöxt og viðhald heilbrigðs líkama.



Próteinríkt

Prótein byggja m.a. upp og endurnýja vöðvavefinn, styrkja ónæmiskerfi líkamans og flytja næringarefni inn og út úr frumum.

11,5 g prótein í 100 g



ORKA SEM ENDIST

Weetabix er frábær leið til að byrja daginn. Veldu næringarrikan morgunverð sem heldur þér gangandi fram að hádegis.



Aetlar að sigrast á flogaveikinni með bjartsýni að vopni

Gíslína Kristín Gísladóttir Smoter er lífsglöð kona á Ísafirði sem glímir við alvarlega flogaveiki. Gíslína, eða Gilla eins og flestir þekkja hana, segist þó ekki ætla að láta sjúkdóminn stjórna sér.

Undanfarið ár hefur reynt Gilla og fjölskyldu hennar afar erfitt en eftir að hafa skipt um lyf fékk hún alvarlegt kast sem olli hjartastoppi og henni var vart hugað líf. Í kjölfarið hefur sjúkdómurinn versnað til muna og fær hún afar tíð köst sem koma henni á sjúkrahús.

Þrátt fyrir þessa erfiðleika er Gilla afar bjartsýn og þakklát fyrir það sem hún á, hún segist eiga sjúkdóminum það að þakka að hann hafi þroskað hana í þá manneskju sem hún er í dag.

Blaðamaður fékk Gilla til gefa sér svolitla innsýn í það hvernig það er að lifa í helgreipum svo öflugssjúkdóms. Æðruleysi og lífsgleði hennar kom blaðamanni vissulega í opna skjöldu.

Veikin tekur sinn toll af fjölskyldunni

„Köstin voru ekki svona slæm eða tíð fyrr en ég fór á samheitalyf fyrir ári. Ég hafði hreinlega ekki efni á því að borga allan lyfjakostnaðinn enda var það orðinn ansi stór pakki. Samheitalyfin áttu að virka alveg eins og lyfin sem ég var á en bara mun ódýrari. Ég var þó ekki búin að vera á þeim nema í tvær vikur þegar ég endaði á sjúkrahúsi. Þá fékk ég hátt í hundrað krampa, hjarta-stopp og var sett í öndunarvél. Ég var flutt suður með sjúkrahúsi og haldið sofandi í tvo og hálfan sólarhring.

Eftir þetta stóra kast hefur flogaveikin versnað til muna. Ég fæ síflog í hvert sinn sem ég fæ kast og þarf því alltaf að fara upp á sjúkrahús þar sem ég er sprautuð niður.“

Þetta hefur óneitanlega áhrif á fjölskylduna og Gilla hefur miklar áhyggjur af áhrifunum sem það hefur á börnin hennar þrjú.

„Eftir að ég fékk stóra kastið var mér vart hugað líf og þau verða því hrædd í hvert skipti þegar ég fæ kast að það verði eins slæmt og þá. Það er mjög erfitt að vita til þess hve mikil áhrif þetta hefur á þau og geta ekki róað þau almennilega, ég ætla ekkert að þræta fyrir það. Sá elsti er að verða sautján ára og hefur skilning á því að lækarnir

eru að geta allt sem þeir geta til að hjálpa mér og vonar það besta. Þau yngri skilja það líka en vitanlega verða þau öll hrædd við það hvað þessi sjúkdómur getur gert mér. Sá í miðjunni er að fara fermast en sú yngsta er að verða ellefu ára. Þau hjálpa mér mikið en auðvitað geri ég mér grein fyrir því að sjúkdómurinn tekur líka sinn toll hjá þeim.“

Flogaveikin kom í kjölfar bílslyss

Flogaveikin kom upp í kjölfar bílslyss sem Gilla lenti í fyrir tveimur áratugum eða í marsmánuði árið 1994, þá nítján ára gömul.

„Ég fékk mar á heilann í slysinu og í nóvember byrjaði ég að fá flog. Þá var ég að fá að meðaltali þrjú til fjögur köst á ári. Reyndar var ég verri á meðan ég gekk með börnin mín en þetta var aldrei eins mikið og er búið að vera undanfarið ár.

En það tók mig tíu ár að fá greiningu á því að ég væri flogaveik. Ég fór suður til tveggja lækna og þeir sögðu báðir að þetta væri bara eitthvað sálrænt, eins og flestir vita getur maður lent á góðum læknum eða slæmum og þarna var ég bara ekki heppin. Ég var farin að trúa því sjálf að ég væri bara orðin eitthvað klikkuð og fengi flog vegna andlegrar vanlíðunar.

Sama ár og ég greindist með flogaveikina var ég greind með slit- og vefjagigt. Þá kom Fjölur Guðmundsson læknir til Ísafjarðar og fór að skoða mín mál og þá fóru hjólin að snúast. Ég fór þá m.a. til lækis fyrir sunnan sem sagði mér að ég væri flogaveik og hefði verið það í tíu ár. Þá fékk ég staðfestingu á því að ég væri ekki ímyndunarveik.

Reyndar er flogaveiki arfgeng og hún er í fæðuréttinni minni en hvorki ég né mamma munum eftir því að ég hafi fengið flog sem barn.

Báðir synir mínir voru hins vegar með ungbarna flogaveiki og fengu köst til um sex ára aldurs. Til allrar hamingju eltist það af þeim. Annar var með störflog en hinn fékk krampa.“

Er greiningin átti sér stað var Gilla í þremur störfum til að ná endum saman og ætlaði sér alls ekki að hætta á vinnumarkaðnum. Hún varð þó að gera það samkvæmt læknisráði.

„Mér var bannað að vinna árið 2007. Ég var sko ekki sátt við það. Læknirinn þurfti á endanum að hringja í vinnustaðinn og segja að hann hefði ráðlagt mér að hætta að vinna. Enda var það orðið þannig að ég fékk flogaköst í hverri einustu viku. Þetta er nefnilega álagstengt og þetta var bara einfaldlega orðið of mikið fyrir mig. En það reyndist mér ofboðslega erfitt og fór á sálina hjá mér að vera orðin óvinnufær svo ung að aldri. Ég fór niður í þunglyndi og upplifði vonleysi. Mér fannst eins og það væri verið að kippa undan mér fótunum að geta ekki unnið, aðeins 33 ára. Svo ákvað ég að ég yrði bara að taka á þessu og reyna að líta á björta hliðarnar. Til dæmis það að ég get verið meira heima með börnunum og mannum mínum,“ segir hún með stórt bros á vör.

Vonast eftir aðgerð

Er blaðamaður hitti Gilla var hún nýkomin úr ítarlegum rannsóknunum.

„Ég fór til lækis fyrir sunnan eftir að hafa beðið afar lengi eftir tímanum. Ég var á biðlista í tólf mánuði þrátt fyrir að lækarnir fyrir vestan væru ítrekað búnir að reyna að ýta á eftir því. Svo fékk ég flog í miðju lækisviðtali, sem reyndist vera lán í óláni því þá sá hann hversu alvarlegt ástandið er.

Ég vaknaði tveimur og hálfum tíma seinna með sjö sérfræðinga yfir mér og tvo nema, enda reyndist ég vera mjög gott dæmi fyrir þá að fræðast um flogaveiki. Þá var ákveðið að setja mig í sítir sem tengt var við höfuðið á mér. Ég þurfti að vera í einangrun í þrjá og hálfan sólarhring, mátti ekki hafa tölvu eða síma, var bundin við rúmið og mátti rétt fara á klósettið. Það reyndi mjög mikið á, en nú tekur við bið til að vita hvað kom út úr þessu sítir, en ef hægt er að staðsetja hvar í heilanum flogin verða gæti ég farið í skurðaðgerð og náð bata. Hversu miklum veit maður ekki en sumir hafa alveg læknað við slíkar aðgerðir. Það væri auðvitað besta útkoman, en ef flogin eru ekki staðbundin er ekkert hægt að gera því þá eru þau út um allan heila.

Það var búið að segja við mig áður að aðgerð væri ekki möguleiki en þess vegna var ég sett í

sítir til að ganga úr skugga um það. Læknarnir mæla með því að ég fari ef það er möguleiki, því ég er flogaveik á háu stigi. Ég er einmitt komin á hæsta stigið á lyfjaskalanum svo það er ekki mikið annað sem hægt er að gera fyrir mig.

Mér er líka ekkert alltof vel við að taka of mikið af lyfjum og geri það af illri nauðsyn. Enda hefur það líka aukaverkanir og ég er til dæmis komin með vélindabakflæði. Svo er ég líka frekar klígjugjörn svo það er ekkert grín að taka tíu stykki af pillum á dag,“ segir Gilla og grettir sig.

Gilla er ekki ein um að glíma við veikindi í fjölskyldunni en maðurinn hennar hefur einnig verið veikur og biður nú eftir að fá greiningu á vanda sínum.

„Hann greindist með járnofhleðslu sem er ekki mjög óalengengt. En það er eitthvað meira að og hann er núna í rannsóknum til að reyna komast að því hvað það er. Um leið og ég hætti í rannsóknum, þá tekur hann við.“

Erfitt fyrir sjúklinga að búa á Íslandi

Það er ekki úr vegi að spyrja hvaða álit Gilla hafi á ástandi heilbrigðiskerfisins á Íslandi í ljósi reynslu hennar af því.

„Mér finnst heilbrigðiskerfið á Íslandi vera komið gjörsamlega niður í skítinn, afsakið orðbragðið. Eins og með þetta nýja greiðsluferfi lyfja sem tók gildi í maí. Það setur ansi mikið strík í reikninginn að þurfa að punga út kannski 50 þúsund krónum fyrir lyfin, því eingöngu tveir aðrir eru á sömu lyfjum og þau þar af leiðandi ekki greidd eins mikið niður og einhver önnur lyf.

Ég er ekki að segja að maður vilji ekki borga, en þegar það eru fimm manns í heimili, jafnvel þó það væru bara tvær manneskjur, þá er maður nú ekkert með bestu laun í heimi þegar maður er öryrki.

Ég er nú reyndar komin á það stig að ég nenni ekki að hafa fjárhagsáhyggjur, jafnvel þótt maður missi húsið sitt, þá er það dauður hlutur og innihaldið er það sem skiptir máli. Að hafa áhyggjur af því lætur manni bara líða illa og dauðir hlutir skipta ekki máli. Það sem máli skiptir er að koma börnunum sínum á legg, njóta góðu stundanna með

fjölskyldunni og seinna meir að vera amma. Ég ætla mér nefnilega að vera hérna þangað til að börnin mín eru orðin fullorðin og ég fæ barnabörnin,“ segir Gilla brosandí.

„En ég get þó ekki neitað því að ég hef áhyggjur af þessu frumvarpi sem var verið að leggja fram, þar sem meðal annars kemur fram að maður eigi að borga 1.200 krónur fyrir hverja nótt á sjúkrahúsi. Þó svo að það sé kannski ekki mikið setur það ansi stórt strík í reikninginn þegar það bætist við allan annan kostnað sem fylgir veikindum. Enda er það fljótt að safnast upp ef maður þarf að vera einhvern tíma á sjúkrahúsi.

Það er svolítið eins og það sé erfitt fyrir þá sem setja fram þessi frumvörp að átta sig á því hvað það er að vera öryrki eða lágtækjufólk yfir höfuð. Hvernig á að ná endum saman með stanslausan lyfjakostnað, læknskostnað og annað sem til fellur. Sjúkrabílar kosta til dæmis tæplega 6.000 kall hvert skipti og ég er að fá um tvö flog á viku. Ég verð nú að segja það að mér finnst að ríkisstjórnin ætti aðeins að huga að því að það er ansi erfitt að búa á Íslandi þegar maður er veikur. Ég sé það enn betur núna eftir að maðurinn minn varð veikur líka og það er ekkert grín þegar báðar fyrirvinnurnar á sama heimili eru orðnar veigar. Auðvitað vonast ég til að hann geti snúið aftur til vinnu fyrr frekar en síðar en það er erfitt á meðan því stendur.

Svo er það önnur hlið á þessu, að starfsfólk í heilbrigðisgeiranum er að vinna við ótrúlega erfiðar aðstæður. Ég tók sérstaklega eftir því núna þegar ég lá inni um daginn hvað álagið er mikið á hjúkrunarfræðingum. Þeir sjá alveg um mann á milli þess sem lækinnir kemur á stofugangi til að spjalla við mann. Maður áttar sig ekki á því fyrr en maður sér það hversu miklar kröfur eru gerðar til þessa fólks. Maður heyrir talað um það að óþarfi sé að byggja nýjan Landspítala, en ég er afar hlynnt því. Tækin á spítalanum sem á að þjóna öllu landinu eru úr sér gengin eða þau vantar því að það er hreinlega ekki pláss fyrir þau. Læknar flýja land af því að aðstæðurnar eru svo lélegar og þeir sem fara burt í framhaldsnám vilja ekki koma aftur.

Og ástandið virðist vera víða svona, ekki bara á spítölunum. Vinkona mín er búsett fyrir sunnan og hún þurfti að bíða í sex vikur eftir að komast að hjá heimilislækninum sínum. Og ef það kemur upp neyðartilfelli er fólki vísað á bráðamóttökuna, sem auðvitað eykur álagið þar. Þetta er náttúrulega ekki að ganga upp. Að sjálfsögðu er ekki við starfsfólkið að sakast að ástandið er svona, það er bara að gera það besta sem það getur við erfiðar kringumstæður.“

Hundurinn varaði við yfirvofandi flogi

Gilla hefur fengið hjálp úr átt óvenjulegri í veikindum sínum.

„Hundurinn minn hefur nú bjargað mér í fjögur skipti. Deginum fyrir stóra flogið síðast var hundurinn alveg óður. Ég skildi ekkert hvað amaði að henni. Hún elti mig út um allt, alltaf þefandi af mér, sleikjandi mig og krafandi í mig. Eftir að ég var komin heim lét hún aftur svona skringilega og þá sagði Leszek, maðurinn minn, að hann héldi að ég væri að fá flogakast. Og viti menn, rétt á eftir fékk ég kast.

Hún hefur aldrei verið þjálfuð fyrir þetta en ég sagði Auði Björnsdóttur hundapjálfafrá þessu og hún sagði að sumir hundar væru bara einfaldlega næmir fyrir þessu.

Það er líka gott að eiga góða granna, því þótt ég fái fyrirvara áður en ég fæ flog þá getur það gerst afar snögg. Það er því ekki gott fyrir mig að vera ein heima. Ég þori til dæmis ekki að fara í bað eða sturtu án þess að einhver sé heima. Enda gæti það verið lífshættulegt. Maður þarf nú ekkert að spyrja að leikslokum ef ég fengi flog í baði og enginn heima. Ég hef lent í því að fá flog ein heima en ég náði að hringja í 112 áður en ég leið út af. Þó svo að ég gat ekki sagt neitt þá gátu þeir rakið símtalið og komið mér til hjálpar.“

Þrátt fyrir að vera félagslynd og lífsglöð að eðlisfari hefur sjúkdómurinn valdið því að Gilla hefur á tíðum einangrað sig á heimili sínu.

„Mér fannst oft eins og fólki væri að horfa á mig eða tala um mig en það var bara mín fælni. Ég skammast mín ekki en ég er smeyk við að fara í aðstæður þar sem mikið er af fólki ef ég skyldi nú fá flog.

Ég hef þar af leiðandi stundum í gegnum tíðina lokað mig af. Þá vil ég bara vera heima og helst ekki hitta neinn nema fjölskylduna. Ég á samt marga frábæra vini og fátt er skemmtilegra en að fá og fara í heimsóknir. Svo kynntist ég yndislegu fólki í Vesturafli og fann hjá því hvað það skiptir miklu máli að fara út. Það er svo ótrúlega upplifgandi að vera aðeins á meðal annars fólks. Í Vesturafli getur maður fönðrað

„Köstin voru ekki svona slæm eða tíð fyrir en ég fór á samheitalyf fyrir ári. Ég hafði hreinlega ekki efni á því að borga allan lyfjakostnaðinn enda var það orðinn ansi stór pakki.“



„Ég var á biðlista í tólf mánuði þrátt fyrir að læknarnir fyrir vestan væru ítrekað búnir að reyna að ýta á eftir því. Svo fékk ég flog í miðju læknisviðtali, sem reyndist vera lán í óláni því þá sá hann hversu alvarlegt ástandið er.“

og þrjónað eða hvað sem er með fólki sem er í sömu stöðu og maður sjálfur, þó svo að það sé af mismunandi ástæðum. Mér hafði áður verið bent á að fara í Vesturafn en hélt að það væri ekkert fyrir mig, en ég er afar fegin að ég lét reyna á það og fór loksins.“

Orðin mun bjartsýnni á lífið

Blaðamaður spyr Gillu hvað hafi orðið til þess að hún samþykkti að koma í viðtal um svo erfið mál.

„Það eru svo margir sem skammast sín fyrir að vera flogaveikir og mér finnst ekki svo mikið talað um þetta í þjóðfélaginu. Kannski maður geti aðeins varpað ljósi á það hvernig það er að eiga við þetta.

Ég hef fengið köst á almanna-færi og líður auðvitað ekki vel með það, en ég er hætt að skammast mín fyrir það. Á tímabili forð-

aðist ég að fara út á meðal fólks því ég var svo smeyk um að fá kast. En eftir að ég fékk stóra kastið fyrir ári, þá fór ég að líta öðruvísi á hlutina.

Þegar ég lenti í bílslysnu 1994 var mér ekki hugað líf og svo aftur þegar ég fékk þetta kast. Ég fór því að sjá hvað lífið er stutt og dýrmætt. Maður verður reyna njóta alls þess sem lífið hefur upp á að bjóða. Það þýðir ekkert að hafa áhyggjur, það skilar engu. Ég hef stundum verið svo stressuð, til dæmis með fjárhags-áhyggjur, og þá hafa flogin verið mun tíðari. Það skilar nú engu að drepa sjálfan sig á því.

Eftir að ég lenti á sjúkrahúsinu í fyrra er ég orðin mun bjartsýnni á lífið. Ég nýt þess mun meira að vera með fjölskyldunni. Ég er líka ansi myndaglöð eins og kannski þeir sem þekkja mig vita. Ég vil bara grípa andartakið. Krakkarnir mínir segja oft við mig: „Mamma, af hverju ertu að taka mynd af þessu, þetta er svo kjánalegt.“ En þá svara ég þeim að þau geti hlegið að myndinni seinna meir, hvað þá eftir minn dag! Það er aðalmarkmiðið mitt með myndunum, að laða fram bros eða hlátur.

Önnur ástæða fyrir því að ég vildi segja frá er að mér finnst vera frekar mikil fáfræði um flogaveiki. Til dæmis hversu alvarlegur sjúkdómur það getur verið. Það hefur áhrif á alla líkamsstarfsemi og veldur gífurlegu álagi á hjartað. Það sést til dæmis á hjartastoppinu sem ég fékk í fyrra.

Ég skal alveg viðurkenna að stundum þegar ég finn að það er að koma flog, þá hvarflar að mér sú hugsun að þetta verði kannski mitt síðasta flog. Það er held ég bara ósjálfráð viðbrögð því bjartsýnin er mitt haldreipi og ég held ótrauð í hana. En auðvitað hvarflar þetta að manni. Mitt mottó er að fara aldrei ósátt að sofa, hvorki við manninn minn eða börnin, því að maður veit aldrei hvað næsti dagur ber í skauti sér. Maður hefur það á bak við eyrað en ég hef aldrei látið flogaveikina stoppa mig. Ég er nú ættuð úr Ísa-fjarðardjúpinu og þakka þrjóskunni þaðan hvernig ég hef tekið á flogaveikinni.“

Þakklát fyrir lífsreynsluna

Nú bíður Gilla eftir því að sjá hvort hægt sé að lina eða lækna flogaveikina með aðgerð.

„Hvort sem ég get farið í aðgerð eða ekki, þá vona ég að þetta fari nú að skána. Læknarnir eru að reyna stilla lyfin af þannig að ég fái ekki svona oft krampa. Líkamlega þreytan eftir svona síflog er ótrúleg og þegar ég vakna eftir eitt slíkt er ég gjör-samlega búin á því, eins og ég hafi verið að hamast í Stúdíóinu í marga tíma.“

Álagið sem flogaveikin veldur, bæði líkamlega og andlega,

hefur ekki orðið til þess að Gilla gefi áhugamál sín upp á bátinn.

„Eitt af mínum helstu áhugamálum að ganga á fjöll, ég held hreinlega að ég myndi hrökkva upp af ef ég gæti ekki gengið á fjöll.

Þegar ég var greind með slit-gigtina kom í ljós að ég er með kölkun frá hálsi niður í hrygg og bæklunarlæknirinn sagði mér að ef ég hætti ekki að vinna myndi ég enda í hjólastól innan þriggja ára. En ég ætlaði sko ekkert að láta einhvern lækni segja mér það og ætlaði bara að halda mínu striki. Ég reyndar féllst svo með semingi á það að hætta að vinna en ég mun ganga á fjöll svo lengi sem ég mögulega get. Ég dreg því reglulega manninn og börnin mín með mér og veit fátt betra en að standa á fjallstindi og njóta kyrrðarinnar. Fyrir mér er það mikill ávinningur að hafa komist

alla leið upp á topp og ég lét flogaveikina ekkert taka það frá mér.

Ég veit ekki hvar ég væri án fjölskyldunnar minnar, en því erfiðara sem þetta er, því meiri baráttuanda fyllist ég. Ég ætla ekki að láta flogaveikina stjórna mér, ég ætla reyna að stjórna henni. Auðvitað gengur það misvel,“ segir Gilla með stórt bros á vör, „en ég er ekkert á því að gefast upp á því. Það er ekkert annað í stöðunni en að takast á við það. Ég er ekkert betri eða verri en aðrir sem glíma við sjúkdóma en ég er svo heppin að ég hef ofsa-lega gott bakland. Ekki bara manninn minn og börnin mín heldur eru foreldrar mínir líka búnir að vera stoð og stytta og sömuleiðis afi og amma barnanna í hina ættina. Svo bjargar það mér fjárhagslega að ég get gist

hjá systur minni þegar ég þarf að fara til læknis fyrir sunnan.“

Þrátt fyrir allt það erfiði sem flogaveikin hefur valdið Gillu segist hún að vissu leyti vera þakklát fyrir sjúkdóminn.

„Ég væri ekki sú manneskja sem er í dag án sjúkdómsins, flogaveikin hefur breytt mér. Sagt er að maður verði að elska óvin sinn til að geta að sönnu elskað vini sína, ég myndi nú ekki alveg ganga svo langt að segja að ég elski sjúkdóminn en ég hata hann ekki heldur. Maður verður að vera bjartsýnn. Ég hef reyndar oft fengið að heyra að ég sé ofur-bjartsýnn,“ segir Gilla hlējandi.

„Ég er þakklát fyrir það sem ég hef. Ég væri kannski ekki sú manneskja sem ég er í dag ef ég væri ekki flogaveik. Það hefur veitt mér mikla lífsreynslu.“

– Thelma Hjaltadóttir.



31. OKT - 4. NÓV
Ísa-fjarðar-bíó
 Elsta samfelldt starfandi bíó á Íslandi
 DOLBY DIGITAL 3D Facebook Ísa-fjarðar-bíó skemmtun.is

HEIMSFRUMSYND Á ÍSLANDI
 THOR THE DARK WORLD 12
 FIMMTUDAG 31. OKT KL 8
 FÖSTUDAG 1. NÓV KL 8
 LAUGARDAG 2. NÓV KL 8
 SUNNUDAG 3. NÓV KL 8

Danska Metaðsóknar myndin
 KONAN Í BÚRINU
 MÁNUDAG 4. NÓV KL 8
 ÞRIÐJUDAG 5. NÓV KL 8 16

FYNDNASTA FUGLAMynd ALLRA TÍMA.
 ISL TAL 3D
 LAUGARDAG 2. NÓV KL 3
 SUNNUDAG 3. NÓV KL 3



Erlendir nemendur HS Vest hafa verið duglegir að læra að prjóna.

Erlendir nemendur helmingur keppenda

Prjónypíuleikarnir 2013 voru haldnir á laugardag í Klæðakoti á Ísafirði í tengslum við menningarhátíðina Veturnætur. „Leikar fóru vel fram. Karlarnir létu þó ekki sjá sig að þessu sinni en það var mjög gaman að sjá að helmingur keppenda voru erlend-

ir nemendur úr Háskólasettri Vestfjarða. Ég held að þær hafi allar lært að prjóna eftir að þær komu hingað til Íslands og ein þeirra hefur verið að koma reglulega á prjónakvöld og námskeið,“ segir Anna Jakóbína Hinriksdóttir, annar eigandi Klæðakots en

hún var jafnframt einn af keppendum á leikunum.

Keppt var í þremur flokkum. Í 10 garða sprettprjóni sigraði Gunnhildur Brynjólfssdóttir frá Flateyri og í 30 garða langprjóni sigraði Anna Jakóbína sjálf. Að lokum var keppt í 4X10 garða

boðprjóni. „Við vorum að spá í að skipta liðunum í útlendinga og Íslendinga og áttuðum okkur á því að auðvitað hefði það verið ósanngjarnt enda þær bara nýbúnar að læra að prjóna. Við drógum því bara í lið og það vildi svo skemmtilega til að það voru

tveir útlendingar og tveir Íslendingar í hvoru liði svo þetta kom bara ljómandi vel og jafnt út. Í sigurliðinu voru þær Gunnhildur, Sígga, Natalie og Megan og dómari á leikunum var Sandra Borg Bjarnadóttir,“ segir Anna.

– harpa@bb.is

Hero or Zero

Trick or Treat

MEGA HALLOWEEN PARTY

Á EDINBORG

Do or Die

HALLOWEEN DISKO Á EDINBORG 2. NOVEMBER

HRYLLINGURINN VERÐUR Í HAVEGUM HAFÐUR

VERÐLAUN FYRIR BESTA BUNINGINN

GOURMET DINNER FYRIR TVO AÐ VERÐMÆTI 10.000

DJ GLÓ MÆÐ NYJA OG GAMLA HORROR TONLIST

Muuhahaha

Edinborg
Bistro-Café-Bar



Boltinn í beinni...

Föstudagur 1. nóvember

kl. 20:00 Barcelona - Espanyol

Laugardagur 2. nóvember

kl. 12:45 Newcastle - Chelsea

kl. 15:00 Fulham - Man. Utd.

kl. 15:00 West Ham - Aston V.

kl. 15:00 Man. City - Norwich

kl. 15:00 Hull - Sunderland

kl. 15:00 Stoke - Southampton

15:00 - WBA - Crystal Palace

kl. 17:30 Arsenal - Liverpool

kl. 19:00 Rayo V. - Real M.

Sunnudagur 3. nóvember

kl. 13:30 Everton - Tottenham

kl. 16:00 Cardiff - Swansea

Þriðjudagur 5. nóvember

kl. 19:30 FCK - Galatasaray

kl. 19:30 Juventus - Real M.

kl. 19:30 Real S. - Man. Utd.

Miðvikudagur 6. nóvember

kl. 17:00 Zenit - Porto

kl. 19:30 Ajax - Celtic

kl. 19:30 Chelsea - Schalke

kl. 19:30 Dortmund - Arsenal

kl. 19:30 Barcelona - AC Milan

Dagar Íslands

1. nóvember 1974: Um 200 manns sátu miðilsfund á Hótel Loftleiðum, en þetta var fjölmennasti fundur af þessu tagi sem haldin hafði verið.

2. nóvember 1913: Morgunblaðið kom út í fyrsta sinn. Það átti fyrst og fremst að vera áreiðanlegt, skemmtilegt og lipurt ritað fréttablað.

3. nóvember 1660: Kötlugos hófst með jarðskjálftum og jökulhlaupi. Þessi mikli skaðeldur eins og Fitjaannáll nefnir hann, stór fram á vetur.

4. nóvember 1897: Fjórir bátar fórust í ofsaveðri á Ísa-fjarðardjúpi og einn á Skjálfanda. Tuttugu og tveir fórust.

5. nóvember 1993: Sagt var að geimverur myndu lenda við Snæfellsjökul kl. 21:07 en þær létu ekki sjá sig.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

NA 5-10 m/s. Snjócoma eða slydda N- og A-lands, en bjart með köflum á suður- og Vesturlandi. Kólnandi veður.

Horfur á laugardag:

NA 5-13 m/s og dálítil el Norðan- og Austanlands, en annars léttskýjað Frost 0-8 stig.

Horfur á sunnudag:

Norðlæg átt, 3-8 m/s. Víða bjart veður en el með norð-urströndinni. Talsvert frost.

Krossgátan

Jón Steingr.	Fleyg orð	Stúlka þakhæð	↖	Lamb Fugl	Lögg	Sérhlj.	Yrkja Grikk	Þrep	Fæði	↖	Óveður
Auglýs/Vígorð								↕			↘
Hlífir						Heiðar-leg					
Spott						R.vík					
↘			Tré						Drykkur		
			Puð						Beisli Grín		
Tjón						Eins um M				Sérhlj.	
						Tala				Sár	
Samhlj.		Snyfsi						Vesæl			
		Beindi						Stytttra Vond			
Ílát Döngluðu	↘	Karlfugl				Fýla	✓				
						Vann eið					
↘				✓							
Þjóða bandalag					Upphr. Brún		✓		✓	Eink. st.	
					Handvega					Bók-stafur	
Fattur	↘	Ísl. st.	Dýra-hljóð								↘
			Meri								Óðagot
↘						Ílát					
						Maður					
Samhlj.		Vesæla					Einn	✓	Sömu		
Forlög		Króka					Tíma-skilin		Blekkja		
↘				Maður						Einn	
				Óþekkt						Vit	
Greinir					Landa-kort						Var-kámi
					Hita						
Býli	↘							Regla			
	Upphr.							Sömu			
↘			3 eins			Svar Komast				✓	
			↘			Einn					
Loftskör Reiðast					✓						

H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf
 Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is

66°N SÍXTU OG SEX NORÐUR

Sjóvinnufatnaður
Stígvél og vettlingar

Þjónusta í heimabyggð 1983-2013

HRADFRISTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.
 - sjálfbær nýting sjávarauðlinda

Lausn á síðustu krossgátu

				Ö		A		T
	G	A	S	B	L	A	Ð	R
		S	K	Á	I	L	A	U
		K	A	L		D		S
⌘	↓		Á	S	T		G	U
	M	E	R	K	I	K	E	R
	E	I	N	O	K	U	N	A
I	Ð	N	A	Ð	U	R		E
	↘	H	A	U	S	L	A	G
K	L	U	N	N	A		L	L
	A	G	G	A		S	T	A
S	N	A	R		L	Ú	A	Ö
	G		A	H	A		R	Æ
	L	Á		Æ	S	T	I	F
	O	K	A	R		I		U
S	K	Ö	R	U	N	G	U	R
	A	F	A	R		N	A	U

Sudoku prautir

5					9	2		4
		4					1	3
	2				3	6		
3	6				5			
4								6
			2				5	9
		8	7				9	
9	7					4		
2		6	9					8

	2			3				
	1	5		8				
8			2			3		
						6		3
1		9	6		3	2		4
5		3						
		2			8			1
				9		4	8	
				2			9	

Bólusetja við influensu

Ágætlega gengur að bólusetja íbúa á norðanverðum Vestfjörðum við influensu. „Fólk mætir fínt í þetta, það hafa komið 500 manns núna, og er hvergi nærri búíð,“ segir Anetta Hansen, hjúkrunarfræðingur hjá Heilbrigðisstofnun Vestfjarða. Áhættuhópurum er sérstaklega bent á að láta bólusetja sig, en það eru 60 ára og eldri, þeir sem þjást af langvinnum undirliggjandi sjúkdómum, starfsfólki sem annast þessa hópa, auk þungaðra kvenna. Þessir hópar fá bóluefnið sér að kostnaðarlausu, en ætíð þarf að greiða komugjald.

„Við bólusetjum á hverjum degi frá tvö til þrjú, og menn geta hringt og pantað sér tíma. Það er ekki löng bið.“

Breytingar með vorinu

„Ég sé ekki fram á annað en að ég verði hér á Ísafirði í vetur enda hleypur maður ekki frá þeim verkefnum sem maður hefur tekið að sér. Ég er í fullri vinnu, starfa í stjórnnum nokkurra félaga og síðast en ekki síst þá eigum við dreng í Menntaskólanum, þannig að ég geri ekki ráð fyrir að það verði miklar breytingar á mínum högum fyrr en líður að vori, nema hvað suðurferðunum mun eflaust fjölga eitthvað. Ég hef engar ákvarðanir tekið um framhaldið og veit ekki hvað tekur við þegar suður er komið, en mig hefur aldrei skort verkefni þannig að ég hef ekki áhyggjur af því“, segir Guðfinna Hreiðarsdóttir, eiginkona Halldórs Halldórssonar fyrrverandi bæjarstjóra á Ísafirði og formanns Sambands íslenskra sveitarfélaga, aðspurð hvað hún hygdist taka sér fyrir hendur þegar þau hjónin flytja til Reykjavíkur.

Eins og greint hefur verið frá hefur Halldór ákveðið að gefa kost á sér í fyrsta sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík. „Við veltum þessu fyrir okkur í langan tíma og tókum því ákvörðun að vel íhuguðu máli um framboðið. Hér höfum við haft það mjög gott síðustu 17 árin og haft nóg fyrir stafni. Ég hef átt þess kost að taka þátt í fjölbreyttum félagsstörfum og vonandi náð að láta eitthvað gott af mér leiða,“ segir Guðfinna.

Aðspurð hvort hún stefni sjálf í borgarstjórnarmálin þá segist hún ekki hafa velt því fyrir sér. „Mér hefur fundist áhugavert og skemmtilegt að taka þátt í sveitarstjórnarmálum hér vestra, en ætli það sé nokkuð pláss fyrir mig í borgarstjórnarmálum.“ segir hún.

Þjónustuauglýsingar


JAKOB VALGEIR EHF
 Grundarstíg 5
 415 Bolungarvík
 450 7700




BÍLAVERID ehf
 Hjólbarðapjónusta
 Smurpjónusta
 Smáviðgerðir

Sindragötu 14 • 400 Ísafirði
 Sími 456 3501 • www.bilaverid.is


GÖX HÚSASMÍÐI EHF
 Bolungavík
 456 7080 • 893 9362 • 690 1060

Öll almenn húsmíði
 Umboðsaðili fyrir

GLERBORG

Fréttir og
 upplýsingar um
 réttindi og kjör
 á vinnumarkaði
www.verkvest.is


VERK VEST


ENDURSKOÐUN VESTFJARÐA ehf
 Sími í Bolungarvík 450 7900
 Sími á Ísafirði 450-7910

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

Bílasala
456 3800
Bílaverkstæði
456 4580


BÍLATANGI HF. ÍSAFIRÐI
Suðurgötu 9


Kampi EHF
 Rækjuvinnsla:
 Sindragötu 1 • 400 Ísafjörður • Sími: 450 4000
 Fiskvinnsla:
 Hafnargötu 90 • 415 Bolungarvík • Sími 450 7507 / 863 2600


Gámapjónusta Vestfjarða ehf

3JA HÓLFA FLOKKUNARILÁT
 3x12 lítra fyrir flokkun innanhúss.
 Sími: 456 3710
gamarvest.is





Skólabörn þurfa vinnufrið

Með Vodafone Guardian getur þú
lokað snjallsíma barnsins þíns á
ákveðnum tímum dagsins.

Allar upplýsingar um snjallsímaforritið
má finna á vodafone.is/guardian

Vodafone

Góð samskipti bæta lífið



Fáðu Vodafone Guardian

Ókeypis snjallsímaforrit fyrir alla foreldra í Google Play

